

## Svar

### atvinnuvegaráðherra við fyrirspurn frá Sigurjóni Þórðarsyni um stofnmælingu grásleppu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margar grásleppur veiddust í hverju togi við stofnmælingu botnfiska á vegum Hafrannsóknastofnunar ár hvert árin 2012–2025 á þeim togstöðvum þar sem grásleppa veiddist?*
2. *Hver var upphafsstaðsetning og tímasetning hvers togs við stofnmælingu botnfiska á vegum Hafrannsóknastofnunar ár hvert árin 2012–2025 þar sem grásleppa veiddist?*
3. *Hversu margir dagar voru liðnir frá síðasta stórstreymi þegar tog var dregið á hverri togstöð þar sem grásleppa veiddist við stofnmælingu botnfiska á vegum Hafrannsóknastofnunar ár hvert árin 2012–2025?*

Að jafnaði hefur grásleppa veiðst á um 217 stöðvum í stofnmælingu botnfiska á Íslands-  
miðum (SMB) sem er ríflega þriðjungur stöðva sem teknar eru á hverju ári. Meðalveiði á  
tímabilinu eru 920 grásleppur en veiðin hefur sveiflast frá tæplega 430 grásleppum í tæplega  
1.600. Hafrannsóknastofnun hefur tekið saman umbeðin gögn sem fylgja í viðhengi. Eftir-  
farandi tafla er samantekt gagnanna.

| Ár   | Fjöldi stöðva | Fjöldi grásleppa | Meðaltal daga<br>frá stórstreymi |
|------|---------------|------------------|----------------------------------|
| 2012 | 222           | 953              | 7.11                             |
| 2013 | 156           | 576              | 6.71                             |
| 2014 | 192           | 949              | 6.30                             |
| 2015 | 211           | 1089             | 6.27                             |
| 2016 | 235           | 1460             | 7.50                             |
| 2017 | 251           | 1020             | 6.48                             |
| 2018 | 221           | 906              | 6.63                             |
| 2019 | 218           | 777              | 7.72                             |
| 2020 | 216           | 944              | 6.84                             |
| 2021 | 299           | 1578             | 7.79                             |
| 2022 | 193           | 797              | 6.79                             |
| 2023 | 212           | 737              | 6.64                             |
| 2024 | 237           | 676              | 7.58                             |
| 2025 | 171           | 426              | 5.27                             |

### Fylgiskjal.

[www.althingi.is/alttext/pdf/156/fylgiskjol/s0564-f\\_I.pdf](http://www.althingi.is/alttext/pdf/156/fylgiskjol/s0564-f_I.pdf)